

## REGLUGERÐ um veiðisvæði hörpudisks.

### 1. gr.

#### *Veiðisvæði.*

Reglugerð þessi tekur til hörpudisksveiða íslenskra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands. Veiðisvæði hörpudisks eru sjö. Aðeins skipum sem hafa aflamark í hörpudiski, á viðkomandi svæði, er heimilt að stunda hörpudisksveiðar á því svæði.

Veiðisvæði hörpudisks eru þessi:

1. Hvalfjörður.
2. Breiðafjörður (veiðisvæði í Breiðafirði eru sýnd á korti í fylgiskjali):
  - a. Breiðasund innan línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:
    1. 65°08,00'N – 22°31,00'V
    2. 65°04,00'N – 22°25,00'V
    3. 65°03,00'N – 22°37,00'V
    4. 65°04,00'N – 22°43,00'V
  - b. Hvammsfjörður innan línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:
    1. 65°08,00'N – 22°31,00'V
    2. 65°08,00'N – 21°50,00'V
    3. 65°01,00'N – 21°53,00'V
    4. 65°04,00'N – 22°25,00'V
3. Patreksfjarðarflói.
4. Arnarfjörður.
5. Ísafjarðardjúp.
6. Húnaflói.
7. Skagafjörður.

### 2. gr.

#### *Stjórn veiðanna.*

Fiskistofa annast eftirlit með veiðunum og skal tryggja að afli á hverju veiðisvæði eða hluta veiðisvæða sé ekki skaðlega mikill og veiðarnar í samræmi við varúðarsjónarmið. Veiðar teljast skaðlegar ef afli fer fram yfir ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar fyrir hvert veiðisvæði eða hluta veiðisvæðis.

### 3. gr.

#### *Viðurlög.*

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

### 4. gr.

#### *Gildistaka.*


Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, ásamt síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi. Við gildistöku reglugerðarinnar fellur úr gildi reglugerð nr. 461/2017, um veiðisvæði hörpudisks.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 8. september 2020.*

**Kristján Þór Júlíusson**  
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

\_\_\_\_\_  
*Arnór Snæbjörnsson.*

**Fylgiskjal.**



---

B-deild – Útgáfud.: 11. september 2020